



Samtök fjármálafyrirtækja

HNOTSKURN
RITRÖÐ SFF



HNOTSKURN 03

Fjármálalæsi ungu kynslóðarinnar

Kristín Lúðvíksdóttir

Mars 2018

Fjármálalæsi ungu kynslóðarinnar

EFNISYFIRLIT

Í hnotskurn.....	5
Fjármálalæsi ungu kynslóðarinnar.....	6
Ummæli kennara.....	11
Ummæli nemenda.....	12
Viðauki.....	13
Niðurstöður PISA-könnunarinnar um fjármálalæsi 2015.....	13
Félagsleg staða skýrir fjármálalæsi.....	13

Reykjavík 2018.

Útgefandi: Samtök fjármálafyrirtækja.

Ábyrgðarmaður: Katrín Júlíusdóttir.



FJÁRMÁLALÆSI UNGU KYNSLÓÐARINNAR

- Efling fjármálalæsis var ein að þeim aðgerðum sem ráðist var í á vettvangi G20-ríkjanna í kjölfar fjármálakreppunnar.
- SFF hafa lagt mikla áherslu á eflingu fjármálalæsis og barist fyrir að fjármálafræðsla yrði tekin í námskrá grunnskóla frá stofnun samtakanna.
- Fjármálavit er námsefni sem SFF lét hanna fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla og stuðlar að auknu vægi fjármálalæsis í námskrá grunnskóla.
- Á árinu 2017 heimsóttu 160 starfsmenn um 4.000 nemendur í yfir 100 grunnskólum landsins.
- Öllum grunnskólum er boðin heimsókn á hverju skólaári og eru heimsóknir í boði yfir veturinn. Lögð er áhersla á að ekki sé um neina kynningarstarfsemi fyrirtækja að ræða og virkar það vel á skólana. Frá því að Fjármálavit hóf göngu sína vorið 2015 hafa yfir 250 starfsmenn unnið verkefni með 11.000 nemendum.



Kristín Lúðvíksdóttir,
verkefnastjóri
fjármálafræðslu
hjá SFF.

Fjármálalæsi ungu kynslóðarinnar

Viðbrögð stjórnvalda beggja vegna Atlantshafs við fjármálakreppunni 2008 tengjast neytendavernd með einum eða öðrum hætti. Mikið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálamarkaða síðan þá miða að því að treysta stöðu neytenda sem eiga í viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Gott dæmi um hversu mikil áhersla var lögð á neytendavernd í kjölfar fjármálakreppunnar er að fjallað var um málið á vettvangi tuttugu helstu iðnríkja heims (G20).

Á þeim vettvangi var ákveðið árið 2011 að þróa sameiginlegar meginreglur um neytendavernd á sviði fjármálaþjónustu og voru þær gefnar út það sama ár. OECD hefur síðan staðið fyrir áframhaldandi þróun þeirra en það að ein af þessum meginreglum snúi að fjármálalæsi sýnir hversu mikilvægur grundvöllur fræðsla um fjármál er fyrir allar umbætur á fjármálamarkaði.

Í því ljósi skiptir fjármálafræðsla til barna og ungmenna sköpum en framboð á vörum og fjármálaþjónustu hefur aukist stutt og stöðugt. Börn og ungmenni standa nánast á degi hverjum frammi fyrir ákvörðunum um fjármál og ráðstöfun peninga og hefur innreið snjalltækja, stafræn þróun og netvæðing verslunar og viðskipta orðið til þess að þau eiga mjög auðvelt með að eiga í viðskiptum eða stofna til einhverskonar fjárhagslegra skuldbindinga. Þessi þróun kallar á meiri skilning og þekkingu neytenda og eru börn og ungmenni þar ekki undanskilin.

Hér á landi mega börn alveg niður í 10 ára aldur vera með veltureikning ásamt debetkortu, en að sjálfsögðu einungis undir eftirliti forráðamanna. Skipulögð fjármálafræðsla er undirstaða þess að auka skilning meðal barna og ungmenna á því hvað í þessum veruleika felst. Þá stuðlar slík fræðsla að því að börn sem snemma nýta sér fjármálaþjónustu geta orðið meðvitaðri um hvar peningarnir þeirra eru og með því að fylgjast með þróun bankareikningsins í netbanka læra þau fljótt á það umhverfi. Þau læra af reynslunni og því fyrir sem það gerist því betur verða þau undirbúin fyrir áskoranir framtíðarinnar.

Eru unglingar séðir í fjármálum?

Stór hluti 15 ára unglinga á Íslandi er í launaðri vinnu samhliða skóla og eru þeir farnir að kynnast launareikningum, debetkortum og öðru sem fylgir því að vera launþegi. Í þessu felst mikilvægi fjármálafræðslu enda þýðir þetta að íslenskir unglingar öðlast tiltölulega snemma vísu að fjárhagslegu sjálfstæði, þeir sýsla snemma með launareikninga, greiðslukort, netbanka og smáforrit sem tengjast fjármálum. Þrátt fyrir að þeir hafi í flestum tilfellum einhverja yfirsýn yfir hvert launin renna getur skipulögð fjármálafræðsla á þessum árum gert ungmenni meðvitaðri um sparnað, kostnað peninga og fleira sem skýtur stöðum undir aukið fjárhagslegt öryggi með öflugum fjármálalæsi.



SFF og PISA

PISA-könnunin veitir góða innsýn og verðmætan samanburð á námi og kennslu grunnskólabarna aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Fjármálalæsiskafla PISA er valkvæður fyrir þáttökulöndin og hingað til hefur Ísland ekki tekið þátt í honum. Á því verður þó breyting þar sem stjórnvöld staðfestu nýlega þátttöku Íslands í fjármálalæsiskafla PISA árið 2021. Tilgangur þessa hluta PISA er að meta hæfni nemenda til að beita fjármálalegri þekkingu sinni og leikni í raunverulegum aðstæðum. SFF fagna þessari ákvörðun en samtökin hafa lengi lagt áherslu á þetta við stjórnvöld.



Mynd: HAG

Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur ákveðið að Ísland verði með í valkvæðum hluta PISA-könnunarinnar árið 2021.

Fjármálalæsi og PISA

Niðurstöður í fjármálalæsiskafla PISA 2015 sýna alþjóðlega fram á að rúmlega helmingur 15 ára nemenda er að meðaltali í vinnu samhliða skóla og fær þar með laun. Niðurstöður PISA sýna jafnframt fram á að tæp 31% þeirra, eða færri en einn af hverjum þremur, hafa getu til að ráðstafa launum skynsamlega. Þörfin fyrir fjármálafræðslu er því brýn. Við lifum í breyttu fjármálaumhverfi frá því sem áður var og þurfum að aðlagast hratt og vera tilbúin að fræða unga fólkið. Góð fræðsla um þjónustu- og fjármálavörur og áskoranir sem þeim fylgja er eitt af lykilatriðum í því að ala upp vel læsa einstaklinga á fjármál. Áskoranir til að gera vel í því eru nú stærri og meiri.

Fræðslan hefst á heimilum

Í niðurstöðum PISA kemur skýrt fram að 15 ára unglingar sem ræða reglulega um fjármál heima fyrir við foreldra og forráðamenn hafa tilhneigingu til að vera betri í fjármálalæsi en þeir sem gera það ekki. Þeir sem eiga sterkt bakland og vel menntaða foreldra í góðri vinnu með góðar tekjur, eru einnig líklegri til að vera betur læsir á fjármálin. Þetta bendir til þess að spjall við foreldra sé af hinu góða þegar kemur að fjármálalæsi en þá skiptir máli að foreldrar og forráðamenn séu vel upplýstir og fræðslan rétt.

Mikilvægur þáttur grunnskólanáms

Allir nemendur eiga að hafa jafnan rétt til fræðslu um grundvallarþætti í fjármálalæsi óháð aðstæðum og slík grunnfræðsla á að fara fram innan veggja skólanna. Ef niðurstöður PISA eru rýndar má sjá nokkuð sterka fylgni á milli árangurs í öðrum þáttum PISA við fjármálalæsi, fylgnin milli stærðfræðiþáttarins og fjármálalæsis er þó lægri en annarra. Mikilvægt er engu að síður að kenna nemendum að nota það sem þeir læra innan veggja skólans til að taka ákvarðanir sem viðkoma daglegu lífi og undirbúa þá vel

undir áskoranir framtíðarinnar. Um það snýst gott fjármálalæsi og á því að vera einn undirstöðuþátta í kennslunni.

Flest þátttökulöndin í PISA hafa kennslu í fjármálalæsi sem hluta í námskrá. Algengt er að tengja fjármálalæsi við stærðfræði og samfélagsgreinar þar sem oft er ekki pláss fyrir viðbótarfag. Á Íslandi kemur fjármálalæsi fyrir í stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði samkvæmt aðalnámskrá. Framkvæmd fjármálafræðslunnar er aftur á móti undir hverjum og einum grunnskóla komin.

Samkvæmt úttekt sem gerð var á vegum Stofnunar um fjármálalæsi árið 2016 er fjármálafræðslan að stærstum hluta kennd sem hluti af öðrum námsgreinum á borð við stærðfræði og lífsleikni. Einnig eru dæmi um að boðið sé upp á fjármálafræðslu sem valfag í 9. og 10. bekk.

Einnig kemur fram í úttektinni að kennarar telja helstu hindranir í kennslu um fjármál vera skort á námsefni, tímaskort, skort á þekkingu og upplýsingum. Margir kennarar tóku fram að fjármálalæsi eigi að vera sérstök námsgrein og að leggja eigi sem mesta áherslu á kennslu í faginu.

Fjármálafræðsla er tiltölulega ný af nálinni sem sérstök námsgrein í grunnskólum. Þar af leiðandi er ekki enn hægt að meta hvort betur fari á því að kenna fagið sérstaklega eða flétta saman fjármálafræðsluna við aðrar námsgreinar. Aftur á móti er nauðsynlegt að hún sé kennd með skipulögðum hætti í grunnskólum. Sérstaklega í ljósi þeirra staðreynda sem PISA-könnunin hefur ítrekað sýnt: að fylgni sé á milli efnahags foreldra og fjármálalæsis barna. Þátttaka Íslands í fjármálalæsiskafla PISA mun skapa styrkari þekkingargrundvöll undir ákvarðanatöku er varðar hvernig best sé að koma fjármálafræðslu fyrir í skólakerfinu.

SFF og fjármálafræðsla

Almennt fjármálalæsi skiptir fjármálafyrirtæki miklu máli. Það þjónar hagsmunum fjármálafyrirtækja að viðskiptavinir þeirra séu upplýstir og ábyrgir í fjármálum sínum. Góð þekking á eigin stöðu, getu og áhættu mun skila betri niðurstöðu fyrir bæði fjármálafyrirtæki og neytendur sjálfa og þannig samfélagið allt. Samtök fjármálafyrirtækja hafa reynt að stuðla að auknu fjármálalæsi með tvennum hætti undanfarinn áratug. Sá fyrri er með verkefnum um vottun fjármálaráðgjafa og tryggingaráðgjafa.

Vottun fjármálaráðgjafa

Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa frá árinu 2011. Um er að ræða nám í fjármálaráðgjöf og þeir sem standast kröfur þess útskrifast sem vottaðir fjármálaráðgjafar. Markmið vottunarinnar er að samræma þær

kröfur sem eru gerðar til fjármálaráðgjafa og enn fremur að tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Verkefnið á sér norska fyrirmynd en slíkt vottunarferli hefur verið að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum á undanförunum árum. Að vottunarnáminu standa SFF, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Frá því að vottunarnámið hófst hafa um 179 fjármálaráðgjafar hlotið vottun.

Góð reynsla af námi til vottunar fjármálaráðgjafa varð til þess að skipulagi Tryggingaskólans, sem rekinn var um árabíl, var breytt fyrir tveimur árum, en þá hófu fyrstu starfsmenn váttryggingafélaganna nám til vottunar váttrygginga- starfsmanna við Opna háskólann. Nú hefur 51 starfsmaður váttryggingafélaganna hlotið slíka vottun. Á síðasta ári útskrifuðust 13 starfsmenn úr náminu. Að náminu til vottunar váttrygginga starfsmanna standa SFF, váttryggingafélögin og Opni háskólinn.

Fjármálavitið sett í askana

Síðari þátturinn er eitt af helstu baráttumálum SFF frá stofnun samtakanna, að efla fjármálafræðslu, og hafa samtökin lagt áherslu á að slík fræðsla verði hluti af námskrá grunnskóla. Til að stuðla að því hafa SFF látið útbúa námsefni um fjármál.

Námsefnið sem nefnist Fjármálavit er hannað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og er ætlað að veita kennurum innblástur í kennslu í fjármálalæsi. Nú standa yfir kynningar Fjármálavits í grunnskólum landsins fjórða árið í röð þar sem starfsmenn aðildarféлага SFF heimsækja skólana með námsefni Fjármálavits, vinna verkefni með nemendum og deila þar með reynslu sinni. Námsefnið er í stöðugri þróun ár frá ári.

Viðtökur nemenda og kennara við þessum heimsóknum hafa verið framar öllum vonum og er mikil eftirspurn eftir slíkum heimsóknum og námsefninu. Á þeim tíma sem Fjármálavit hefur verið haldið úti hafa um tvö hundruð starfsmenn aðildarféлага samtakanna heimsótt allfesta grunnskóla landsins og unnið verkefni Fjármálavits með um 12.000 nemendum.

Með Fjármálaviti hafa SFF leitt saman krafta aðildarféлага sinna og þar með gert starfsfólki úr ólíkum fjármálafyrirtækjum kleift að vinna saman að verkefni sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Styrkur Fjármálavits felst ekki síst í þeim fjölda starfsmanna aðildarféлага SFF um allt land sem taka þátt í heimsóknum Fjármálavits á sínu svæði og miðla þannig þekkingu sinni og reynslu. Í skólaheimsóknum eru menn ekki starfsmenn einstakra fjármálafyrirtækja heldur sérfræðingar sem koma saman undir hatti Fjármálavits. Fjármálavit er verkefni sem þarf að njóta trausts og trúnaðar og hefur það tekist.



Kristín Lúdvíksdóttir, verkefnisstjóri Fjármálavits, Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, við undirritun sammningsins.

Landssamtök lífeyrissjóða til liðs við Fjármálavít

Vorið 2017 var fleiri stöðum skotið undir Fjármálavít þegar Landssamtök lífeyrissjóða gengu til liðs við verkefnið. Þetta sýnir að flestir þeir sem tengjast fjármálageiranum láta sig fjármálafræðslu miklu varða og mun aðild LL styrkja verkefnið enn frekar. Með aðkomu lífeyrissjóðanna hafa starfsmenn þeirra bæst við í hóp starfsmanna aðildarfélaga SFF sem heimsækja grunnskóla landsins og leysa með nemendum verkefni Fjármálavits.

Þættir sem hver og einn þarf að tileinka sér

Í námsefni Fjármálavits er lögð áhersla á þætti í fjármálum sem mikilvægt er að hver og einn unglíngur tileinki sér. Þetta eru þættir eins og hvernig þeir geta sett sér markmið og hvernig þeir þurfa að bera sig að til að ná þeim, t.d. ef þá langar að fara í ferðalag, kaupa tölvu eða ökutæki eða að fara að huga að því að fjárfesta í húsnæði. Einnig er vakin athygli á því að það þarf líka að huga að tryggingum og lífeyrismálum auk þess sem unglíngar eru margir að vinna með skóla og þurfa því að átta sig á hugtökum launa-seðilsins eins og lífeyrissparnaði, persónuafslætti, sköttum, stéttarfélögum. Í skólaheimsóknum Fjármálavits er leitast við að höfða til almennrar skynsemi nemenda og leiða nemendur í sannleikann um hvaða ábyrgð þeir þurfi að sýna í fjármálum til þess að ná markmiðum sínum..

Markmið Fjármálavits

- Að nýta samtakamátt fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða á Íslandi og minna á samfélagslegt hlutverk þeirra í að stuðla að góðu fjármálalæsi.
- Veita kennurum innblástur í kennslu um fjármál með aðgengilegu kennslu-efni.
- Eiga þátt í að auka fjármálalæsi ungs fólks og gera það betur í stakk búið til að taka ákvarðanir í framtíðinni um fjármál.
- Gera starfsfólki fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða kleift að vinna saman að verkefni sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið.

Lögð er áhersla á að ekki sé um neina kynningarstarfsemi fyrirtækja að ræða og virkar það vel fyrir skólana. Þeir sérfræðingar sem koma í skólana eru ekki merktir fjármálafyrirtækjum heldur vinna eingöngu fyrir Fjármálavit. Fjármálavit er verkefni sem þarf að njóta trausts og trúnaðar og hefur það tekist.

Á þeim rúmu tveimur árum sem Fjármálavit hefur verið í gangi hafa um 9.000 nemendur kynnst námsefninu.

Ummæli kennara

„Afar vel að þessu stadið hjá ykkur og greinilega metnaður í gangi sem gagnast grunnskólanemendum.“

— — —

„Það er alveg deginum ljósara að þetta verkefni sem þið standið að er gríðarlega mikilvægt. Krakkarnir voru mjög ánægðir og þeir sem stjórnðu hópavinnunni náðu vel til þeirra.“

Ummæli nemenda

„Mér fannst skemmtilegt að vinna í hópum og sjá mismunandi lausnir á sama verkefninu.“

— — —

„Það var gaman að fá að þæla í hlutunum sjálf og vinna verkefni í staðinn fyrir að það sé bara verið að tala við okkur.“

— — —

„Það var gagnlegt að sjá hvað maður þarf að borga í allskonar kostnað.“

Framtak eins og Fjármálavit er góður vettvangur fyrir samvinnu kennara og starfsmanna fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða til að miðla sameiginlegri þekkingu og stuðla að góðu fjármálalæsi ungmenna.

Verkefninu er m.a. ætlað að vekja athygli á auknu fjármálalæsi í samfélaginu og hvetja til umræðu um málefnið, en fyrst og fremst er tilgangurinn þó sá að útbúa gott og aðgengilegt námsefni um grunnþætti fjármála sem auðvelt er fyrir kennara að nota í kennslu.

VIÐAUKI

Niðurstöður PISA-könnunarinnar um fjármálalæsi 2015

PISA könnunin er framkvæmd á þriggja ára fresti og fer hún fram í ár, 2018, þar sem niðurstaðna má vænta á næsta ári.

Nýjustu niðurstöður PISA eru því úr þeirri könnun sem var framkvæmd vorið 2015, en niðurstöður voru kynntar í lok árs 2016. Af þeim 72 löndum sem tóku þátt í PISA voru 15 sem tóku þátt í sérstökum fjármálalæsishluta eða um 480.000 15 ára nemendur. Svör þeirra endurspeglar um 12 milljónir samnemenda í öllum þessum löndum. Þetta var í annað skiptið sem fjármálalæsishlutinn er með í PISA könnuninni, en hún er framkvæmd á þriggja ára fresti.

Ísland hefur tekið þátt í PISA frá upphafi eða síðan árið 2000 í mati á lestri, reikningi og náttúruvísindum. Ísland hefur ekki tekið þátt í fjármálalæsishlutanum hingað til en nú verður breyting á því þar sem tekin hefur verið ákvörðun um þátttöku Íslands í þeim hluta árið 2021, en gert er ráð fyrir að þátttökulöndum í þeim hluta fari fjölgandi á komandi árum þar sem vitund um mikilvægi fjármálalæsis er að aukast.

Félagsleg staða skýrir fjármálalæsi


- Þegar fjármálalæsi 15 ára nemenda, sem tóku þátt í PISA könnuninni, er skoðað kemur í ljós að það sem skiptir mestu máli eru aðstæður heima, það er, hvort foreldrar eru menntaðir og vel upplýstir, með sterka stöðu á vinnumarkaði og góðar og stöðugar tekjur. Ef svo er ekki, virðist fjármálalæsi alltaf minnka og því er bein tenging milli félagslegrar stöðu og læsis á fjármál.
- 22% 15 ára nemenda, að meðaltali, eru ekki með grunnetu í fjármálalæsi miðað við PISA mælikvarða. Þessir nemendur geta m.a. rétt greint milli þarfa og langana og taka ákvarðanir sem byggja frekar á daglegri neyslu en horfa síður til lengri tíma.
- 12% þátttakenda eru framúrskarandi nemendur sem ná að klára erfiðustu verkefni. Þessir nemendur taka flóknar ákvarðanir sem bera þess mark að þeir styðjist við skýra framtíðarsýn.
- 56% eiga bankareikninga, þetta er þó mismunandi milli landa. Sumstaðar, t.d. í Hollandi, eiga um 70% nemenda bankareikninga en t.d. í Síle og á Ítalíu einungis um 40%.
- 64% eru í einhvers konar vinnu utan skólatíma og 31%, eða færri en einn af hverjum þremur, eru fær um að sjá um bankareikninginn sinn.

- 84% ræða fjármál við foreldra eða forráðamenn að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Þeir sem það gera eiga það til að vera betur læsir á fjármál.
- Félagsleg staða hefur mest áhrif á hvernig nemandinn stendur sig í fjármálalæsi.
- Það er fylgni milli stærðfræði, lestrar og fjármálalæsis. Það nægir hins vegar ekki til að vera vel læs á fjármál því fleiri þættir hafa þar áhrif, eins og félagsleg staða. Fjármálalæsi er sem sagt meira en bara að kunna að reikna og lesa.
- Að meðaltali er lítil munur milli kynja í árangri í fjármálalæsi og ekkert mynstur er hægt að greina þar. Í 9 af þeim 15 löndum sem tóku fjármálalæsisprófið koma piltar verr út en stúlkur. Að meðaltali eru piltar aðeins fleiri af þeim nemendum sem skora lægst og aðeins fleiri piltar en stúlkur skora hæst. Til samanburðar skora stúlkur hærra í lestri í öllum þáttökulöndunum og piltar hærra í reikningi í 9 löndum af 15.
- „Efbú ættir ekki nógu mikinn pening til að kaupa eitthvað sem þig langar mikið í, hvað telur þú að þú myndir gera?“

Flestir nemendur (63%) sögðust myndu spara fyrir því sem þá virkilega langar í ef þeir ættu ekki fyrir því (mynd 1). Þeir nemendur sem skoruðu hæst í PISA voru þrisvar sinnum líklegri en þeir sem skoruðu lægst til að spara fyrir hlutnum frekar en að finna leiðir til að eignast hann strax. – Einungis 20% 15 ára nemenda eru með reglulegan sparnað að meðaltali. Hvernig skyldi hlutfallið vera hér á landi?

Mynd 1.

Mismunandi afstaða eftir þjóðerni til þess hvernig má kaupa það, sem menn eiga ekki fyrir.




- Fylgni er með góðu fjármálalæsi og fyrirhyggju (e. *forward thinking*). Gott fjármálalæsi nemanda er í samræmi við skilning á gildi þess að spara. Nemendur sem koma vel


út úr PISA eru meira en tvöfalt líklegri en þeir sem skora verr til að spara fyrir því sem þá langar að eignast (sjá mynd 2).

Mynd 2.

Líkur á tilteknu vali um hvernig hægt sé að kaupa það, sem menn eiga ekki fyrir, eftir því hversu vel á veg þeir eru komnir í fjármálalæsi.



- Fylgni er með góðu fjármálalæsi og vilja til góðrar menntunar. Þeir sem skora hæst í fjármálalæsishluta PISA eru líklegri en þeir sem skora lágt til að segja að þeir geri ráð fyrir að ljúka háskólanámi.
- Samkvæmt PISA vinnur stór hluti 15 ára nemenda fyrir launum en á sama tíma eru þeir ekki færir um að ráðstafa laununum skynsamlega. Viljum við ekki vita hvernig íslensk ungmenni kæmu út úr slíkri mælingu?
- Áætlað er að í PISA 2018 taki 21 land þátt í fjármálalæsishlutanum og hafa þá sex lönd bæst í hópinn frá 2015.
- Samtök fjármálafyrirtækja telja engin rök fyrir því að halda Íslandi áfram utan þessa mikilvæga kafla í PISA-könnuninni og munu því halda áfram að hvetja íslensk menntayfirvöld til þess að lýsa yfir þátttöku árið 2021. Til þess að svo megi verða þarf að taka ákvörðun strax svo að hefja megi undirbúning sem allra fyrst.



HNOTSKURN

RITRÖÐ SFF

www.sff.is